

FRAMTÍÐSKIPULAG Í MENNTUN IÐNGREINAKENNARA: RÝNI FRÁ VETTVANGI – LOKASKÝRSLA

Vorið 2017 hlaut verkefnið *Framtíðarskipulag í menntun iðngreinakennara* styrk úr Kennslumálasjóði. Markmið verkefnisins var að endurskoða námsleiðina *Kennslufræði fyrir iðnmeistara* með aðstoð þeirra sem starfa á vettvangi. Farið var sjö í heimsóknir í framhaldsskóla sem bjóða upp á iðnmenntun, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, og skólastjórnendur og iðngreinakennara fengnir til að rýna námið. Rætt var um innihald námsins, aðferðir og fyrirkomulag með það fyrir sjónum að endurskipuleggja námið til framtíðar. Hér verður nánar greint frá bakgrunni, framkvæmd og niðurstöðum verkefnisins.

Bakgrunnur

Kennslufræði fyrir iðnmeistara er 60 eininga námsleið fyrir iðngreinakennara. Til að fá inntöku í námið þurfa umsækjendur að hafa fullgilt lokapróf í iðngrein (meistarabréf) og að loknu námi geta nemendur sótt um leyfisbréf sem framhaldsskólakennari í skilgreindri námsgrein eða námsviði. Námið er eingöngu kennt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og er eina leiðin fyrir iðngreinakennara að öðlast kennsluréttindi ef þeir ekki hafa stúdentspróf eða frekari menntun.

Markmið verkefnisins var annars vegar að fá skólastjórnendur og iðngreinakennara til að rýna námið með það í huga hvað þarf að styrkja eða bæta, bæði hvað varðar innihald og aðferðir. Hins vegar var markmiðið að ræða möguleika á endurskipulagningu námsins á næstu árum. Fækkun nemenda og sérstaða nemendahópsins gefur tilefni til að skoða vandlega hvernig best ber að haga náminu.

Á undanförunum árum hefur fækkað töluvert í nemendahópnum sem sækir kennslufræði fyrir iðnmeistara, frá um 30 nemendum að jafnaði árin eftir hrun, í 11 á síðasta ári. Óformlegar umræður námsnefndar námsleiðarinnar við nokkra skólameistara í framhaldsskólum höfðu gefið til kynna að ekki væri tilefni til að fara í almenna auglýsingaherferð þar sem fyrirsjáanlegar ráðningar á iðngreinakennurum virðast háðar greinaflokkum og landsvæðum. Einnig voru vísbendingar um að stór hluti starfandi iðngreinakennara hefðu þegar aflað sér kennsluréttinda, en það virtist þó sérstaklega eiga við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu frekar en skóla á landsbyggðinni.

Sérstaða nemendahópsins er sú að nemendur í kennslufræði fyrir iðnmeistara eru almennt eldri en nemendur í grunnnámi HÍ; þeir er í oftast í starfi – í sinni iðngrein eða kennslu – og með fjölskylduábyrgð. Einnig eru þetta gjarnan nemendur sem ekki hafa verið í skóla í langan tíma og þurfa töluverðan stuðning í upphafi náms.

Þar sem námið til kennsluréttinda er einungis í boði við Háskóla Íslands er alltaf hluti nemenda sem býr og starfar utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta þýðir að tilhögun námsins verður að vera með sveigjanlegu fyrirkomulagi svo hægt verði að taka námið í fjarnámi án mikils tilkostnaðar. En smæð nemendahópsins þýðir einnig að ekki er hægt að bjóða upp á námið sem staðnám annars vegar og fjarnám hins vegar. Heldur verður að finna leið til að gefa nemendum þann stuðning sem þeir þurfa, hvort sem þeir búa á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni, allt á sama tíma. Það eru því töluverðar áskoranir sem felast í skipulagningu námsins og því var hugmyndin að leita til vettvangsins til að ræða námið og möguleika í uppbyggingu.

Í febrúar 2014 lauk námsnefnd ítarlegri endurskoðun á hæfniviðmiðum námsleiðarinnar og námskeiða innan hennar. Sú endurskoðun var unnin í samráði við kennara námsleiðarinnar og nemendur. Einnig var farið í nokkrar breytingar á skipulagi námsins í framhaldi. Nú er svo komið að meta þarf útkomu þessara breytinga og endurskoðunar, en í því samhengi er einnig nauðsynlegt að

skoða stöðu á vettvangi og hvernig námið getur þjónað markmiði sínu sem best. Því þótti mikilvægt að fá sjónarmið iðngreinakennara og stjórnenda í framhaldsskólum sem bjóða upp á iðnnám.

Framkvæmd

Alls voru sjö framhaldsskólar sem bjóða upp á kennslu í iðngreinum heimsóttir á tímabilinu október 2017 til apríl 2018. Í október voru Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) og Fjölbrautarskóli Norðurlands Vestra (FNV, Sauðárkróki) heimsóttir. Borgarholtsskóli (BHS) var heimsóttur í nóvember, Tækniskólinn – Skóli atvinnulífsins (TS) var heimsóttur í janúar, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) heimsóttur í febrúar, Fjölbrautarskóli Suðurlands (FSU, Selfossi) heimsóttur í mars og Fjölbrautarskóli Suðurnesja (FSS, Keflavík) heimsóttur í apríl. Á heildina litið voru því heimsóttir bæði framhaldsskólar á landsbyggðinni (VMA og FNV) og á höfuðborgarsvæðinu (BHS, TS og FB) og einnig skólar í styttri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu (FSU og FSS).

Í hverri heimsókn var rætt við skólastjórnendur og hóp iðngreinakennara í ólíkum faggreinum, en í fjórum heimsóknum var einnig rætt við aðstoðarskólameistara eða sviðsstjóra við skólann. Í heildina var rætt við 25 iðngreinakennara (6 konur og 19 karla) og þar af voru 23 með kennsluréttindi en 2 voru í námi til kennsluréttinda. Rætt var við iðngreinakennara í ólíkum iðngreinum í 2-5 manna hópum. Í einhverjum tilvikum var kennarahópnum skipt í tvo umræðuhópa vegna árekstra í stundatöflu. Rætt var við 11 stjórnendur alls (7 konur og 4 karla) og voru 7 skólameistarar, 2 aðstoðarskólameistarar og 2 sviðsstjórar starfsmenntagreina.

Viðræður við skólastjórnendur sneru meðal annars að framtíðarþörf fyrir kennara, hvernig fyrirkomulag náms myndi henta meðfram kennslu og samstarf í þeim efnum og hvaða undirbúning iðngreinakennarar þurfi helst. Viðræður við kennara sneru meðal annars að undirbúningi þeirra, hvað hafi nýst þeim úr náminu í starfi og hvað þeim finnst vanta, fyrirkomulag námsins og möguleikar í útfærslu. Umræðan sneri einnig að mögulegum hindrunum í að fara í námið og hvernig væri hægt að leysa úr þeim málum. Markmiðið var þannig að fá heildarmynd af kennslufræðilegri stöðu iðngreinkennara og raunsæja mynd af möguleikum á fyrirkomulagi námsins til framtíðar.

Yfirleitt var rætt við stjórnendur sér og iðngreinakennara sér, og voru samtölin um klukkustund að lengd og tekin upp til frekari úrvinnslu. Viðmælendur gáfu samþykki fyrir upptöku í öllum tilvikum.

Aðstoðarmaður var ráðinn til verkefnisins í nóvember 2017; meistaraneinn Guðfinna Guðmundsdóttir sem hefur starfsreynslu sem iðngreinakennari við Menntaskólann í Kópavogi. Guðfinna tók þátt í öllum heimsóknum eftir ráðningu, aðstoðaði við umsýslu verkefnisins og sá um úrvinnslu úr viðtölunum.

Helstu niðurstöður úr samtölum við stjórnendur

Samtöl við stjórnendur voru mjög gagnleg, en það var mjög mismunandi hvort þau þekktu til kennsluréttindanámsins og því voru samtölin lituð af því að kynna námið og fyrirkomulag þess. Það var því óvæntur ávinningur verkefnisins að fá tækifæri til að kynna kennsluréttindanám iðngreinakennara vel fyrir stjórnendum framhaldsskóla. Þau mál sem helst bar á góma í samtölum við stjórnendur voru: áskoranir iðnmenntunar, hæfni útskrifaðra kennara, réttindi og fyrirkomulag námsins (staðlotur og vettvangsnám).

Stjórnendum var tíðrætt um ýmsar áskoranir iðnmenntunar, t.d. dræma aðsókn í ákveðnar greinar, brottfall úr námi, breytileika nemendahópsins (hátt hlutfall nema með námsörðugleika og mikil aldursdreifing) og menningu sem leggur áherslu á að ungmenni ljúki stúdentsprófi af

bóknámsbrautum. Flestir stjórnendur ræddu dræma aðsókn í iðnnám og tengdu það við menningu sem legði áherslu á stúdentspróf af bóknámsbrautum og orðspor iðnmenntunar sem annars flokk nám sem betur hentaði þeim sem ekki væru á bókina. Þetta fannst mörgum óþolandi staða þegar víða er lagður mikill metnaður í iðnnám og allsstaðar er boðið upp á að útskrifast með stúdentspróf af starfsnámsbrautum. Einnig var rætt um erfiðleika við að bjóða upp á nýtt starfsnám eða nám í mörgum ólíkum iðngreinum. Reiknilíkan yfirvalda setur ákveðnar kröfur á fjölda nemenda og því getur verið erfitt að fylla í bekk í fámennum greinum. Þannig er nemendum gjarnan vísað á vinsælli greinar og fámennari greinar leggjast af í skólum. Sem aftur veldur því að ákveðnar iðngreinar eru ekki kenndar og fagfólk sem hefur áhuga á að kenna tilteknar greinar kemst ekki að. Mikill breytileiki nemendahópsins sem sækir iðnnám var einnig gjarnan talinn áskorun fyrir kennara í þessum fögum. Meðalaldur iðnnema er um 25 ára og mjög algengt að kennarar kenni á sama tíma bæði 16 ára nemendum með mikla námsörðugleika og 30 ára nemendum sem hafa jafnvel lokið háskólaprófi. Einnig er virðist algengt að nemendum með námsörðugleika eða greiningar sé vísað frekar í starfsmenntun og því eru þessir kennarar oft með hærra hlutfall slíkra nemenda í sínum hópum samkvæmt skólastjórnendum. Iðngreinakennarar verða því að vera vel undirbúnir til að takast á við mjög fjölbreyttan nemendahóp.

Hæfni iðngreinakennara kom mikið til tals, bæði með tilliti til þess hvaða hæfni þeir þyrftu að hafa til að takast á við starfið en einnig hvernig hægt væri að tryggja að útskrifaðir kennarar væru í raun hæfir til starfsins (út frá persónulegum og faglegum eiginleikum). Út frá umræðu um áskoranir starfsmenntunar var stjórnendum tíðrætt um hæfni við að takast á við fjölbreyttan nemendahóp, en einnig ræddu margir um þá hæfni sem kennarar þyrftu að hafa sem iðnmeistarar búa oft ekki yfir í gegnum störf sín sem iðnaðarmenn. Þar má nefna tölvufærni, geta til að búa til námsefni, skrifleg færni, þekking á námsaðferðum, námskrám og starfsumhverfi framhaldsskóla. Stjórnendur lögðu gjarnan áherslu á að námið fyrir kennarana ætti fyrst og fremst að vera praktískt og sniðið að kennslu í iðngreinum á framhaldsskólastigi. Endurmenntun kennara varð einnig umræðuefni og sérstaklega hvernig iðngreinakennarar geti haldið sér við faglega og þannig tryggt að skólinn væri að kenna það nýjasta í faginu. Samstarf við atvinnulífið í nágrenni skólans, tengsl kennaranna sjálfra við vettvang og námskeiðshald var oftast nefnt sem leiðir til lausnar á þessu máli.

Kerfislæg vandamál tengd kennsluréttindum komu oft til tals. Núverandi lög um menntun kennara segja að hægt sé að lausráða starfsmann án kennararéttinda til bráðabirgða (ef enginn sækir um sem uppfyllir skilyrði um réttindi) en ekki lengur en í eitt ár og þá verður að auglýsa stöðuna aftur þrátt fyrir að sá sem ráðinn er tímabundið er í kennsluréttindanámi. Þessi óvissa hefur lagst illa í nýja kennara sem bæði eru að setja sig inn í nýtt starf og sækja nám til að fá réttindi. Einhverjir skólameistarar sáu þetta sem vandamál, en aðrir sögðu undanþágunefnd almennt bregðast vel við og lítill ásókn í störfin gerðu það að verkum að þetta væri ekki mikið mál. Í einhverju tilvikum ræddu stjórnendur um vandkvæði þess að neyðast til að ráða starfsmann með réttindi þegar annar réttindalaus væri bæði faglega hæfari og hentaði betur skipulagsheild. Ein hugmynd um endurskipulagningu náms fyrir iðngreinakennara sem var lögð fyrir stjórnendur var að skipuleggja námið sem tveggja ára nám með vinnu. Það hefði í för með sér að þeir sem hafa hafið kennslu án réttinda gætu lent í að starf þeirra yrði auglýst tvisvar á meðan þeir næðu sér í kennsluréttindin. Þrátt fyrir þetta voru stjórnendur almennt jákvæðir gagnvart þessari hugmynd og töldu þetta ekki vandamál. Í sumum tilvikum fögnuðu stjórnendur þessari hugmynd þar sem þeirra reynsla hefði verið sú að nýjir kennarar réðu einfaldlega ekki við að byrja bæði nýtt starf og vera í fullu námi á sama

tíma. Aðrir lögðu megináherslu á mikilvægi þess að fá hæfa kennara til starfa og ef það tæki lengri tíma þá væri það þess virði.

Rætt var töluvert við stjórnendur um fyrirkomulag kennsluréttindanámsins, sérstaklega með hliðsjón af því hvernig gengur fyrir nýja kennara að samræma starf og nám. Í Borgarholtsskóla þar sem námið er í lotum getur það oft reynst erfitt fyrir kennara að losa sig úr kennslu til að mæta í staðlotur á Menntavísindasviði ef loturnar lenda á sama tíma. Ein möguleg lausn er að stjórnendur fái dagsetningar staðlota um leið og þær eru ákveðnar að vori, en þá er spurning á hvers ábyrgð sú samræming eigi að vera? Í öðrum tilvikum virtist ganga betur fyrir kennara að komast í staðlotur, en oftast virtist það sett á þeirra ábyrgð að leysa málin – fá aðra til að kenna fyrir sig eða setja nemendum fyrir verkefni til að vinna á meðan. Það virtist sjaldan tækifæri til að gefa kennurum mikið rými til að sinna kennsluréttindanáminu þar sem oftast eru fáir kennarar á sama sviði og enginn til afleysingar. Stjórnendur virtust almennt mjög skilningsríkir gagnvart því að þeir kennarar sem stunduðu kennararéttindanámið þyrftu að mæta í staðlotur og töldu mikilvægt að fjárfesta í nýjum kennurum. En á sama tíma töldu þau sig gjarnan lítið svigrúm geta veitt (t.d. kennsluafslátt) vegna mönnunar í kennslu og því þyrfti oft að leysa málin í hverju tilviki eins og hægt væri. En almennt var ánægja með sveigjanlegt fyrirkomulag námsins.

Einnig var töluvert rætt um vettvangsnám kennaranema, en reyndir kennarar kvarta oft undan því að þurfa að fara í vettvangsnám og finnst það óþarfi. Stefnan á Menntavísindasviði er að vettvangsnám sé mikilvægur hluti námsins og jafnvel þótt kennarar hafi reynslu þá skipti máli að þeir fari á nýjan vettvang (en kennaranemar fá ekki að taka vettvangsnám á vinnustað sínum), skoði, ígrundi og reyni kennslu á nýjan hátt í samtali við leiðsagnarkennara. Það kom skemmtilega á óvart að heyra að stjórnendur voru almennt á sama máli og töldu sérstaklega mikilvægt að vettvangsnám væri ekki tekið á vinnustaðnum, bæði til að fá að kynnast því hvernig hlutirnir væri gerðir annars staðar og einnig svo samstarfsfólk væri ekki sett í þá stöðu að meta nýja kennarann.

Allir stjórnendur voru spurðir út í fyrirsjáanlega þörf á iðngreinakennurum á næstu árum. Svörin voru æði keimlík: Iðngreinakennarar eru almennt að eldast og því mun verða þörf á endurnýjun á næstu árum. Ástandið virðist þó eitthvað ólíkt eftir greinum. Í sumum greinum, sérstaklega þar sem mikill uppgangur er í atvinnulífinu, er skortur á kennurum (t.d. rafvirkjun, rafeindavirkjun, vélfræði) en í öðrum virðist framboð nægilegt (t.d. hársnyrtið).

Helstu niðurstöður úr samtölum við iðngreinakennara

Rætt var við iðngreinakennara í ólíkum iðngreinum og höfðu flestir lokið kennararéttindanámi (aðeins tveir af 23 höfðu ekki lokið kennsluréttindanámi og voru báðir í námi þegar samtölin fóru fram), en hafa ber í huga að kennararnir höfðu tekið námið á mjög ólíkum tímum og eining höfðu sumir tekið það í HA (þegar það var í boði). Þegar þessir kennarar ræða reynslu sína af kennsluréttindanáminu þá eru þeir oft að tala um mjög ólíkt nám.

Þrátt fyrir mismunandi greinar og bakgrunn var mikill samhljómur í því hvernig iðngreinakennarar ræddu starf sitt. Helstu málefni sem bar á góma voru í samtölum við iðngreinakennara sneri að inntaki og fyrirkomulagi kennsluréttindanámsins, en einnig var rætt um vettvangsnámið, tilgang kennaranámsins og faglega endurmenntun kennara.

Umræða um inntak kennsluréttindanámsins sneri fyrst og fremst að því hvernig hægt er að undirbúa kennara undir að kenna fjölbreyttum nemendahópum og að leggja ætti meiri áherslu á hagnýta þekkingu. Í öllum samtölunum við kennarana ræddu þeir um þá áskorun sem felst í að kenna

fjölbreyttum nemendahópum, sérstaklega í ljósi þess að kennarar í iðngreinum verja oft miklum tíma með nemendum í náminu og nemendur leita gjarnan til þeirra með ýmis mál. Þannig kölluðu margir kennara á meiri umfjöllun um námsörðugleika, sálfræði og helstu greiningar sem tekið er tillit til í skólafarfi. Sérstaklega skipti þar máli að kenna kennurum að takast á við þessar aðstæður, bæði til að koma á móts við nemendur með námsörðugleika og önnur vandamál, en einnig til að vera viss um að nemendur séu ekki að nýta sér greiningar til að komast léttar í gegnum námið. Í þessu samhengi voru tveir kennarar sem minntust á mikilvægi þess að ræða við kennara um að setja skýr mörk í persónulegu sambandi við nemendur, hvernig hægt væri að aðstoða nemendur við að takast á við áföll og greina merki um áhættu á brotthvarfi. Einnig töluðu kennararnir um mikilvægi þess að fá umfjöllun um nemendur með erlendan bakgrunn, en þeim virðist oft vísað á starfsnám, og fræðslu fullorðinna þar sem iðngreinanemendur eru gjarnan eldri nemendur með annað nám eða starfsreynslu að baki sem þurfi að taka tillit til við kennslu. Í umræðunni um fjölbreytta nemendahópa sögðu kennararnir oft að þessi umfjöllun þyrfti að vera hagnýt frekar en kenningarleg. Sama var uppi á teningnum þegar þeir ræddu undirbúning og aðferðir til kennslu, þ.e. að meiri hagnýta þekkingu, „tips og tricks“ þyrfti að kynna til leiks. Kennararnir töluðu einnig um mikilvægi þess að fá umfjöllun um námskrár, gerð náms- og kennsluáætlana, námsefnisgerð, gæðakerfi, upplýsingatækni sem notuð er í kennslu (t.d. Innan og Moodle) og námsmat. Gaman er að segja frá því að margir nefndu sérstaklega að þeim hefði reynst vel kennsla í framsögn sem hefur verið hluti af kennaranámi í HÍ síðustu ár.

Fyrirkomulag kennsluréttindanámsins var rætt töluvert og staðlotur sérstaklega. Almenn ánægja var með staðlotur, bæði töluðu kennarar um það tími í staðlotum hefði nýst vel og þar mynduðust mikilvæg félagsleg tengsl við kennara og samnemendur. Þeim þótti staðlotur því mikilvægar. En að sama skapi ræddu kennararnir um að það væri oft áskorun að finna tíma til að taka þátt í staðlotunum: erfitt væri að fá afleysingu og þó skólarnir ynnu með þeim til að komast í staðlotur þyrfti oft að vinna mikið upp að þeim loknum. Í því samhengi var rætt um mikilvægi þess að fá tíma og rými til að sinna náminu, sérstaklega þegar fólk væri þegar byrjað í kennslu. Það gæti verið óhóflegt álag fyrir nýjan kennara að setja sig inn í nýtt starf, kennslu nýrra námskeiða og vera í námi. Því hugnaðist þeim alls ekki illa að skilgreina námið sem hálf námi í tvö ár en fannst þá mikilvægt að huga að félagslegum tengslum nemenda þar sem fólk myndi hittast minna og hóparnir kannski blandast meira. Einn kennari nefndi að gott væri að bjóða upp á vinnustofur þar sem nemendur gætu hist (hvort sem er yfir netið eða á staðnum) til að vinna saman að verkefnum eða ræða námið og fengið aðstoð. Aðgengi að námsefni og upptökum á netinu var nefnt sem mikilvægt og almenn ánægja með þann sveigjanleika sem nú er boðinn í náminu á milli staðlota. Vinna á bakvið ECTS einingar var einnig rædd og var þá sérstaklega nefnt að oft væri lítt munur á vinnuálagi í 5 og 10 eininga námskeiðum.

Vettvangsnám kennaranema kom til umræðu og var lengd þess aðalumræðuefni kennara. Þeir sem þegar voru í kennslu fannst vettvangsnámið ívið langt eða vildu alls ekki sjá það lengra en þeir sem ekki höfðu verið í kennslu á þeim tíma fannst það of stutt. Líkt og skólastjórnendur, þótti kennurum almennt mikilvægt að taka vettvangsnámið annarsstaðar en á sínum vinnustað til að kynnast nýjum vettvangi og fá að vera nemendur. Þó voru nokkrir kennarar sem vildu fá að tengja vettvangsnámið meira eigin kennslu og reynslu.

Tilgangur kennaranáms var einnig til umræðu og voru skiptar skoðanir, sumir töldu kennsluréttindanámið ekki hafa skilað neinu á meðan aðrir voru mjög ánægðir með námið og hvað það hafði gefið þeim. Flestir voru þó sammála um mikilvægi þess að námið væri í góðum tengslum

við vettvang iðngreina (bæði skóla og vinnustaði) og að verðandi kennarar væru með mikla reynslu af því að starfa við fagið. Gagnrýnt var að nemendahópar í kennsluréttindanáminu séu samsettir úr öllum iðngreinum því þær væru gjarnan æði ólíkar að uppleggi og það takmarkaði oft umfjöllun um kennslufræði greinanna. Eins var bent á að meira mætti vera af því að fá reynda iðngreinakennara af vettvangi til að koma og ræða við kennaranemana um sitt starf. Að lokum var rætt um áskoranir tengdar því að vera með bæði reynda og óreynda kennara í einum og sama nemendahópnum, þar sem þessir nemendur væru á mjög ólíkum stað og þyrftu mismunandi nálgun í kennslu. Það væri því æskilegt að hafa þessa tvo hópa aðskilda.

Að lokum spannst umræða um endurmenntun kennara og að halda í við faglegar nýjungar í skólanum. Kennararnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að iðngreinakennarar héldu góðum tengslum við atvinnulífið og fagið á vettvangi, með t.d. þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum hjá Iðunni eða Rafiðnaðarskólanum. Aftur á móti virtist almennt ekki litið á endurmenntun í kennslufræði sem mikilvægan þátt – en kennarar tóku þó vel í hugmyndina þegar hún var reifuð. Einnig ræddu kennararnir um áskoranir skólans að halda í við nýjungar í tækjabúnaði fagsins og erfiðleikum við að endurnýja búnað og kennsluefni. Margir kennarar sögðust helst halda sér við með því að fylgjast með á netinu.

Að lokum

Á heildina litið voru þessi samtöl við iðngreinakennara og stjórnendur framhaldsskóla virkilega gagnleg. Margar góðar hugmyndir komu fram, sem og mikilvæg gagnrýni á núverandi innihald og fyrirkomulag námsins. Einnig var gott að fá upplýsingar um hvað af því sem nú er gert gagnast starfandi kennurum. Í framhaldi verða þessar upplýsingar nýttar við heildarendurskoðun námsins sem áætluð er að fari fram 2019-2020.

26. september 2018

Elsa Eiríksdóttir